

Alþingi  
Erindi nr. P 143/1270  
komudagur 18.3.2014

**From:** [harald.aspelund@utn.stjr.is](mailto:harald.aspelund@utn.stjr.is)

**Sent:** 18.3.2014 13:53:39

**To:** Aðalbjörg Rós Óskarsdóttir

**Subject:** Umsögn utanríkisráðuneytisins um frumvarp til laga um markaðar tekjur

306 mál

Tilvísun í mál: UTN12070087

Með vísan til tölvupósts frá skrifstofu Alþingis, dags. 5. mars sl., varðandi frumvarp til laga um markaðar tekjur, ítrekar utanríkisráðuneytið fyrri umsögn sína í hjálögðu bréfi, dags. 23. ágúst 2012.

Kveðja  
Harald Aspelund  
Sviðsstjóri rekstrar- og þjónustusviðs /  
Director General for Administration and Consular Affairs  
Utanríkisráðuneytið/Ministry for Foreign Affairs  
Sími 354 545 9995



## UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Fjárlaganefnd  
b.t. Sigríðar Ingibjargar Ingadóttur  
Alþingi við Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Rauðarárstígur 25, 150 Reykjavík  
Sími: 545 9900, bréfasími: 562 2373  
postur@utn.stjr.is, www.utn.stjr.is

Reykjavík, 23. ágúst 2012

UTN12070087/04.S.001

MJ/--

Vísað er til bréfs yðar dags. 18. júlí sl. þar sem óskað er eftir athugasemdum og ábendingum utanríkisráðuneytisins vegna markaðra tekna hjá stofnunum ráðuneytisins í tengslum við fyrirhugað lagafrumvarp fjárlaganefndar um afnám markaðra tekna stofnana og fjárlagaliða.

Alþingi samþykkti lög nr. 38/2010 um stofnun Íslandsstofu vorið 2010 en þar segir í 2.gr. að hlutverk hennar sé „að vera samstarfsvettvangur fyrirtækja, hagsmunasamtaka, stofnana og stjórnvalda um stefnu og aðgerðir til þess að efla ímynd og orðspor Íslands“. Í nefndaráliti utanríkismálanefndar með lagafrumvarpinu er lögð áhersla á að Íslandsstofa verði sjálfstæð stofnun en þar segir m.a.: „Sem samstarfsvettvangur opinberra aðila og atvinnulífsins verður hún sjálfstæð stofnun með blandaða stjórn. Íslandsstofu er þannig mörkuð sama staða innan stjórnkerfisins og Útflutningsráði nú. Þannig er lagt til að Íslandsstofa verði stofnuð á grunni Útflutningsráðs og yfirtaki réttindi þess og skuldbindingar, sem og eignir og skuldir ...“. Í frumvarpinu og greinargerðinni með því kemur skýrt fram að fjárhagur og reikningshald Íslandsstofu verði sjálfstætt en að Ríkisendurskoðun annist árlega endurskoðun reikninga stofnunarinnar.

Líkt og gildi um Útflutningsráð áður, er markaðsgjald einn helsti tekjustofn Íslandsstofu. Það varð til í núverandi mynd í lok árs 1998, sem 0,05% hlutfall af öllum launagreiðslum, á sama stofn og tryggingagjald. Eins og fram kemur í hjálögðum bréfum frá formanni stjórnar Íslandsstofu dags. 13. ágúst sl. og framkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins dags. 9. ágúst sl. hefur þetta fyrirkomulag fjármögnunar reynst vel, auk þess sem sátt hefur verið um það meðal atvinnurekenda. Gera Samtök atvinnulífsins kröfu um að markaðsgjald verði fellt niður ef bein tengsl tekna af því og framlaga til Íslandsstofu verða rofin.

-- / ---

Að framansögðu telur utanríkisráðuneytið ekki grundvöll fyrir afnámi markaðra tekna Íslandsstofu og óskar eftir að núverandi fyrirkomulagi varðandi tekjur stofnunarinnar verði haldið óbreyttu. Í öðru bráðabirgðaákvæði við ofangreind lög um Íslandsstofu segir að verði ekki annað ákveðið með lögum falli markaðsgjald niður frá og með 1. janúar 2013. Markaðsgjald hefur verið lögfest tímabundið og það framlengt nokkrum sinnum síðan því var komið á, árið 1998. Ráðuneytið vinnur nú að drögum að frumvarpi til framlengingar á gjaldinu, sem gert er ráð fyrir að lagt verði fram á haustþingi.

F.h.r.

A handwritten signature in cursive script, appearing to read "Gunnar Þorvaldursson".